

Mál nr. 288/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/slysátryggingar launþega hjá H

Slys í vinnu. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21. ágúst 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 4. september 2009.

Málsatvik.

M var við vinnu sína á H þegar hún datt í hálfu fyrir utan vinnustaðinn þann 12. janúar 2006. Í gögnum málsins má sjá að hún leitaði til bæklunarlæknis í maí 2006 og var óvinnufær allt fram í september 2006 þegar hún hóf störf annars staðar í 70% starfshlutfalli. Í september 2006 var hún einnig enn í sjúkraþjálfun vegna afleiðinga slyssins. M leitaði til lögmanns vegna afleiðinga slyssins í ágúst 2008 sem sendir svo tilkynningu um það til vátryggingafélagsins V í apríl 2009. Áður hafði ekki verið tilkynnt um slysið til V. M telur að frestur til að tilkynna slysið sé ekki útrunninn þar sem túlka eigi 124.gr. laga um vátryggingasamninga tjónþola í hag auk þess sem um hópvátryggingu sé að ræða og vísar vegna þess til norsks úrskurðarnefndarmáls um hópvátryggingu. V telur með vísan til 61.gr. laga um vátryggingasamninga þar sem kemur fram að slysátrygging launþega sé ekki hópvátrygging. V telur að hvernig sem sé á málið lítið þá sé ársfrestur 124.gr. laga um vátryggingasamninga liðinn í máli M. V vísar til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-5431/2009 þar sem dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ekki séu rök til þess að miðað verði við tímamark þar sem tilteknar afleiðingar séu komnar í ljós heldur líta til þess að stefnandi í því máli hafði veruleg óþægindi allt frá slysdegi. V telur að M hafi því þurft að tilkynna málið í allra síðasta lagi 11. september 2007. V telur einnig með vísan til túlkunar á upphafi fyrningarfrests 99.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að tilkynningarfrestur hafi verið liðinn og vísar til dómaframkvæmdar Hæstaréttar því til stuðnings.

Álit.

Slysátrygging launþega er ekki hópvátrygging í skilningi laga um vátryggingasamninga, sbr. ákvæði 61.gr. laganna. M er vátryggð í slysátryggingu launþega, sbr. c-lið 2.gr. laga um vátryggingasamninga. Tilkynningarfrestur 124.gr. laga um vátryggingasamninga hvílir á þeim sem á rétt til bóta, en það er M en ekki vinnuveitandi hennar. Ágreiningur er því takmarkaður við það hvort skilyrði 124.gr. laga um vátryggingasamninga séu uppfyllt gagnvart M, en þar kemur fram að sá sem eigi rétt til bóta skv. slysátryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik er hún er reist á. Í málsgögnum þessa máls kemur skýrt fram að M leitaði strax til læknis eftir slysið þann 12. janúar 2006, hún leitaði einnig til bæklunarlæknis í maí 2006 og var óvinnufær allt fram í september sama ár þegar hún hóf störf hjá öðrum vinnuveitanda í skertu starfshlutfalli, en í gögnum málsins má sjá að hún sé enn í sjúkraþjálfun vegna afleiðinga slyssins á sama tíma. Eins og áður segir kemur fram í 124.gr. laga um vátryggingasamninga að upphaf tilkynningarfrests vegna slyss miðast við þann tíma sem tjónþoli fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á. Með vísan til gagna málsins telst sá tímamark hafa stofnast á árinu 2006 í máli M. Því til stuðnings er vísað til langs tímabils óvinnufærni vegna afleiðinga slyssins, þess að M leitaði til bæklunarlæknis vegna slyssins og í síðasta lagi þegar hún hóf störf hjá öðrum vinnuveitanda í skertu starfshlutfalli í september 2006. Þegar hún leitaði til lögmanns í ágúst 2008 var ársfrestur 124.gr. laga um vátryggingasamninga því löngu liðinn þegar hún tilkynnti um slysið.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 29. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.